

Erindi vegna byggðakvóta í Tálknafirði

Garraútgerðin ehf fékk nýlega vilyrði fyrir u.p.b. 55 tonna þorskígildis byggðakvóta vegna Garra BA 90 sknr 6575

Til þess að þessi úthlutun náist þarf bátur útgerðarinnar að veiða tvöfalt þetta magn sem gerir um 130 tonn upp úr sjó sem er útilokað. Ekki er heimilt að leigja bát annars lögaðila til þess að uppfylla mótframlagið samkvæmt 7.gr reglugerðar 1334/2025 nema með undanþágu ráðherra.

“Óheimilt er að leigja skip annarra lögaðila til að uppfylla skilyrði um löndun afla til vinnslu samkvæmt 6. gr. Ráðherra er heimilt, að fengnum rökstuddum tillögum sveitarstjórnar, að víkja frá ákvæðum þessarar greinar enda sé það gert á grundvelli málefnalegra og staðbundinna ástæðna. Um málsmeðferð og staðfestingu tillagna sveitarstjórna samkvæmt þessari grein skulu gilda ákvæði 3. gr.”

Þess vegna hafa Garraútgerðin ehf og Oddi hf ákveðið að láta reyna á samstarf sem gengur út á það að Garraútgerðin leigi dragnótabát til þess að veiða mótframlagið sem landað yrði á Tálknafirði til vinnslu í Odda hf. Viðræður eru í gangi við eiganda Jóns Hákonar BA um hugsanlega leigu bátsins í þetta verkefni.

Til þess að þessi áform gangi eftir þarf Sveitarstjórn að samþykkja erindið sem að svo er sent til viðkomandi ráðuneytis til afgreiðslu.

Helstu rök eru :

Veiðiheimildir Garra BA eru nú um 52 tonn af þorski og alveg óraunhæft að leigja nægar þorskheimildir til þess að ná að veiða mótframlagið en báturinn veiðir nær eingöngu þorsk sem er mjög dýr í leigu.

Bátur útgerðarinnar er einungis gerður út á handfæri og nær aldrei að uppfylla mótframlagið það sem eftir er af fiskveiðirárinu og því myndi það sem ekki næst falla niður.

Með því að leigja dragnótarbát er hægt að einbeita sér að því að veiða steinbít sem er tiltölulega ódýr í leigu og ná þannig að nýta þann byggðakvóta sem er til úthlutunar á Tálknafirði og auka vinnslu og atvinnu í sveitarfélaginu.


Ef sá byggðakvóti sem Tálknafjörður fær úthlutað næst, ekki ár eftir ár eins og verið hefur þá aukast auðvitað líkurnar á því að þessi kvóti verði skertur eða falli alveg niður.

Er það því beiðni okkar að bæjarstjórn taki jákvætt í erindið og óski eftir því við ráðherra að veita undanþágu þannig að Garraútgerðinni ehf verði heimilt að leigja bát til þess að veiða hluta mótframlagsins vegna byggðakvótaúthlutunar fiksveiðarárið 25/26 og auki þannig líkurnar á að þessar veiðiheimildir nýtist í sveitarfélaginu.


Tálknafirði 12.04.2026

FH. Garraútgerðarinnar hf

Kt: 660207-0230


Jón Ingi Jónsson

F.h Odda hf


pr.pr. Oddi hf.
Patreksfirði